

UMSÖGN
(um frv. til laga um Landhelgisgæslu Íslands)

Allsherjarnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Félagi íslenskra atvinnuflugmanna (FÍA) hefur borist til umsagnar, frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands. Að mati FÍA er full ástæða til þess að taka til endurskoðunar lög um Landhelgisgæslu Íslands, þannig að lögin svari til þeirrar starfsemi sem unnin er af hálfu Landhelgisgæslunnar og breyttir tímar kalla á. Hins vegar er ljóst að með frumvarpinu eru lagðar til grundvallar breytingar á starfsumhverfi og kjörum flugmanna Landhelgisgæslunnar sem FÍA gerir alvarlegar athugasemdir við. Hér á eftir verður vikið að helstu athugasemdum sem FÍA gerir, en félagið áskilur sér rétt til þess að koma að fleiri athugasemdum síðar. Áður en vikið er að einstaka þáttum frumvarpsins þykir rétt að tæpa stuttlega á því hvernig starfskjörum flugmanna Landhelgisgæslunnar hefur verið skipað í gegnum árin.

Frá stofnun flugdeildar Landhelgisgæslu Íslands árið 1955 hafa kjarasamningar flugmanna Landhelgisgæslunnar tekið mið af og verið í samræmi við kjarasamninga FÍA og Flugfélags Íslands, síðar Flugleiða hf. og nú Icelandair ehf. Þetta fyrirkomulag var síðar staðfest í lögum nr. 25/1967, um Landhelgisgæslu Íslands, sem haldist hefur óbreytt allar götur upp frá því. Var þetta forsendan fyrir því að félagsmenn FÍA féllust á að afsala sér verkfallsrétti á sínum tíma. Í því sambandi má minna á að í frumvarpinu til laga um Landhelgisgæslu Íslands, sem varð að lögum 25/1967, var upphaflega gert ráð fyrir því í 7. gr. frumvarpsins að starfsmenn Landhelgisgæslunnar mættu hvorki beint eða óbeint taka þátt í neinskonar kjara- eða kaupdeilum. Frumvarpinu var breytt í meðförum þingsins í þá átt sem núgildandi ákvæði 7. gr. laga nr. 25/1967 kveður á um, þ.e. bann við þátttöku í verkföllum eða verkfallsboðunum. Það þarf ekki að fjölyrða um það að samningsstaða félaga sem ekki hafa verkfallsrétt er lítil sem engin, ef ekkert annað kemur til. Í núgildandi lögum um Landhelgisgæsluna er m.a. kveðið á um það í 10. gr. að laun og kjör flugmanna landhelgisgæslunnar skuli vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningi við stjórn Landhelgisgæslunnar. Breyttar áherslur í starfi flugdeildar Landhelgisgæslunnar hafa kallað á sérkjarasamninga um ákveðin atriði. Árið 1987 var fyrst gert samkomulag milli FÍA og ríkisins undir yfirskriftinni “Samkomulag fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfa Flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands”, en síðast gildandi samkomulag er frá 25. ágúst 2004 með gildistíma til 31. desember 2007. Grein 1.1.1. í sérkjarasamningnum er svohljóðandi: “Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugmanna skv. samningi FÍA og Flugleiða hf./Icelandair ehf. frá 10. maí 2004”. Tilfni þess að ráðist var í gerð sérkjarasamnings í upphafi var nauðsyn samkomulags um þyrluvaktir og þarfir sjúkra- og björgunarflugs Landhelgisgæslunnar. Samkomulagið gerði mönnum m.a. kleift að manna sólarhringsvaktir á björgunarþyrlur á afar hagkvæman hátt allan ársins hring með einungis þremur áhöfnum. Reynslan af þessu samningsfyrirkomulagi er afar góð

og hefur verið þess eðlis að góður friður hefur ríkt um kjör flugmanna Landhelgisgæslunnar, ef frá eru talin örfá undantekningartilvik sem upp hafa komið.

Með frumvarpinu er lögð til algjör kúvending á málum flugmanna Landhelgisgæslunnar. Tengsl við kjör atvinnuflugmanna á hinum almenna markaði eru rofin, en eftir sem áður þurfa flugmennirnir að búa við verkfallsbann. Aðferðin við smíð frumvarpsins veldur FÍA miklum vonbrigðum. Annar samningsaðilinn, ríkið, fer fram með frumvarp sem felur í sér veigamiklar ákvarðanir um kjaramál og starfsskyldur félagsmanna FÍA, án nokkurs samráðs við félagið. Breytingar eru lítt eða alls ekki rökstuddar. Við blasir, verði frumvarpið óbreytt að lögum, að kjör flugmanna Landhelgisgæslunnar muni verða lakari þegar fram í sækir heldur en kjör flugmanna á almenna markaðinum, með tilheyrandi flóttu reynslumikilla flugmanna. Griðarlega mikilvægt er fyrir Landhelgisgæsluna að hún hafi á að skipa reynslumiklum flugmönnum. Björgunarstörf krefjast mikillar nákvæmni, þau geta verið hættuleg, auk þess sem flugmennirnir búa við mikið álag og streitu. Það væri skammsýni ef ný lög yrðu þess valdandi að flugmenn Landhelgisgæslunnar myndu flæmast þaðan burt vegna kjaramála. Hætt er við að erfitt geti reynst að fá nýja flugmenn til starfa hjá Landhelgisgæslunni verði tengsl kjara við flugmenn á almenna markaðnum rofin. Ef tilgangur frumvarpsins er sá að lækka launakostnað og skerða kjör flugmanna, þá er ljóst að betur er heima setið en af stað farið. Starfsmannavelta mun stórukast hjá Landhelgisgæslunni. Með því færi ekki aðeins burt dýrmæt og lífsnauðsynleg starfsreynsla, heldur myndi þjálfunarkostnaður stórukast, en þjálfunarkostnaður við hvern nýjan flugmann hleypur á tugum milljóna króna. Það yrði þannig skammgóður vermir fyrir ríkið að ná fram lækkun á kjörum flugmanna með þeim hætti sem frumvarpið getur leitt til.

Athugasemdir FÍA lúta að öðru leyti einkum að eftirtöldum þáttum í frumvarpi til laga um Landhelgisgæslu Íslands:

Kjör flugmanna:

Frumvarpið felur í sér þá einkennilegu aðferð að ekki er einu orði vikið að því í frumvarpinu hvernig haga skuli kjörum flugmanna Landhelgisgæslunnar. Það er ekki fyrr en við lestur athugasemda við 22. gr. frumvarpsins, sem fjallar um bann við verkföllum, að í ljós kemur að frumvarpið gerir ráð fyrir að 9., 10. og 11. gr nógildandi laga, um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar sé felld niður. Rökin eru þau að það þyki ekki vera í samræmi við nútímann að hafa slík ákvæði um laun og kjör starfsmanna tiltekinnar stofnunar bundin í lög. FÍA leyfir sér að mótmæla þessari órökstuddu fullyrðingu og vísar til þess sem áður er rakið um nauðsyn tengingar við kjör flugmanna á almenna markaðinum og umfjöllun um sérkjarasamning FÍA við ríkið vegna flugmanna Landhelgisgæslunnar. Flugmenn munu áfram búa við verkfallsbann um leið og þeir eru sviptir allri samningsstöðu um kjör sín.

Löggæsluhlutverk/vopnavald.

Í 4., 6. og 8. gr. frumvarpsins er auknar skyldur lagðar á flugmenn Landhelgisgæslunnar, frá því sem nógildandi lög gera ráð fyrir. Flugmönnum Landhelgisgæslunnar er í frumvarpinu falið lögregluvald, án þess að vikið sé að því hver sé í raun réttarstaða þeirra sem handhafar lögregluvalds. Flugmenn Landhelgisgæslunnar hafa aldreiúið við það að þurfa að bera vopn við störf sín. Vopnavaldi fylgir aukin ábyrgð og álag, svo ekki sé talað um aukin áhætta. Hér er

stórauðinn viðbót við starfsskyldur flugmanna Landhelgisgæslunnar, sem knýja á fram án undangenginnar fræðslu eða samninga.

Refsingar:

Ákvæði 29. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að brot gegn m.a. 22. gr. frumvarpsins, um bann við verkföllum, varði þann sem gerist brotlegur eins árs fangelsi eða fésektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Þetta ákvæði er algjörlega óviðunandi og í raun óskiljanlegt. Í þessu samhengi vill FÍA benda á að samkvæmt núgildandi lögreglulögum nr. 90/1996, er kveðið á um það í 41. gr. laganna, sem fjallar um refsingar, að brot gegn 19-21. gr. laganna varði þann brotlega fésektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Ákvæði 31. gr. lögreglulaga kveður á um bann við verkföllum. Er þannig ljóst að það er refsilaust fyrir lögreglumenn að fara í verkfall, á meðan flugmenn landhelgisgæslunnar geta átt á hættu að verða dæmdir til 1 árs fangelsisvistar fyrir sama brot.

Að lokum þá vill FÍA áréttta að það er fyllilega tímabært að mati félagsins að endurskoða lög um Landhelgisgæslu Íslands. Landhelgisgæslan stendur á tímamótum vegna ýmissa ytri aðstæðna og því er augljós þörf á nýrri lagasetningu um hana. Það er hins vegar óforsvaranlegt að mati FÍA að nota tækifærið til þess að aftengja kjarasamning flugmanna Landhelgisgæslunnar við kjör flugmanna á hinum almenna markaði og leggja um leið auknar starfsskyldur á flugmennina í formi löggæslustarfa og vopnaburðar. Þessar breytingar eru til þess fallnar að setja í uppnám annars nauðsynlegar breytingar á lögum um starfsemi Landhelgisgæslunnar, þar sem fyrir séð er að flugmenn Landhelgisgæslunnar munu ekki geta unað við lögin í þeirri mynd sem frumvarpið ber með sér.

Með hliðsjón af framangreindu þá beinir FÍA þeirri áskorun til háttvirtrar Allsherjaneftndar að hún beiti sér fyrir því að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu þannig að núgildandi ákvæði um starfskjör flugmanna Landhelgisgæslunnar haldist óbreytt, löggæsluhlutverk flugmanna Landhelgisgæslunnar og skylda til vopnaburðar verði skilgreint með betri hætti og að kveðið verði á um nauðsyn samninga við flugmenn þar að lútandi og loks að felld verði á brott úr 29. gr. tilvísun til 22. gr. frumvarpsins, sem mælir fyrir um refsingu við broti gegn 22. gr.

Óskað er eftir því að fulltrúum FÍA verði gefið færi á að koma fyrir Allsherjaneftnd til þess að greina nánar frá athugasemdum félagsins og til þess svara spurningum nefndarmanna.

Kópavogi 26. apríl 2006
Virðingarfyllst,

Halldór Þ. Sigurðsson
Formaður FÍA

Kjartan Norðdahl, hdl.
Framkvæmdastjóri FÍA